

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
NÝR MATSEÐILL FYLGIR
BLAÐINU Í DAG.



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

20. ágúst 2012
194. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*



Útrás fyrir hæfileika

Leikhópurinn Pykista stendur fyrir götulistahátíð á Akureyri.

tímamót 14

Atlaga að tilkalli

Firrir frjálshyggjunnar eru enn ráðandi í efnahagsmálum heimsins.

í dag 13




13. bikartitillinn hjá KR

Baldur Sigurðsson enn á ný á skotskónum í bikarúrslitaleiknum.

sport 22

veðrið í dag



VÆTA SYÐRA Í dag verða austan 5-13 m/s, hvassast syðst. Víða dálítill væta sunnan til en annars þurr að mestu. Hiti 12-18 stig, mildast vestanlands.

VEDUR 4

Lyf ekki alltaf besti kostur gegn of háum blóðþrýstingi

Ný rannsókn bendir til þess að lítill ávinningur sé af lyfjagjöf við mildum háþrýstingi. Tugir þúsunda Íslendinga eru í þeim hópi. Próffessor við HÍ segir möguleika á miklum sparnaði í heilbrigðiskerfinu.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjameðferð gegn mildum háþrýstingi hefur takmarkaðan árangur í för með sér og bættir lifnaðarhættir eru vænlegri til árangurs. Þetta kemur fram í nýrri grein í British Medical Journal. Próffessor í læknisfræði við Háskóla Íslands (HÍ) segir að ef farið verði eftir tilmælum sem sett eru fram í greininni gæti það haft áhrif á meðferð tugþúsunda Íslendinga og skilad sparnaði í heilbrigðiskerfinu.

Mildur háþrýstingur er þegar efri mörk blóðþrýstings eru frá 140 til 159 og/öða nedri mörk frá 90 til 99. Greinin fjallar um samantekt Cochrane-stofnunarinnar á fjórum rannsóknum sem taka til tæplega 9.000 einstaklinga frá Banda-

Umdeild mörk fyrir háan blóðþrýsting

Almennt viðurkennd mörk Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) fyrir háan blóðþrýsting eru 140/90. Mörkin voru lækkuð niður úr 160/95 árið 1999 þrátt fyrir mótmæli víða. Meðal annars gerðu sumir því skóna að þrýstingur frá lyfjaframleiðendum hafi legið þar að baki.

rikjunum, Bretlandi og Ástralíu, með mildan háþrýsting án hjarta- og æðasjúkdóma. Rannsóknin leiðir í ljós að lyfjameðferð hjá þessum hópi hefur ekki í för með sér lægri heildardánartíðni, lægri dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma eða heilablóðfalla.

Lyfjagjöf geti hins vegar haft í för með sér aukaverkanir sem vegi upp á móti þeim árangri sem gæti

náðst. Er vonast til þess að niðurstaðan verði til þess að lækna breyti meðhöndlun þeirra sem eru með mildan háþrýsting og frekar verði mælt með betra mataræði og meiri hreyfingu en lyfjum.

Jóhann Ágúst Sigurðsson, próffessor við læknaeild HÍ, segir óhætt að áætla að tugir þúsunda Íslendinga séu í þessum hópi. Niðurstöðurnar sýni að hægt sé að

bæta meðferð sjúklinga og spara í heilbrigðiskerfinu með því að draga úr lyfjagjöf og fækka blóðrannsóknnum og læknisheimsóknnum.

„Þessi rannsókn segir okkur að við skilgreinum of marga einstaklinga sem sjúklinga að óþörfu. Við þurfum að skera úr um hvort hægt sé að draga úr kostnaði, annaðhvort með því að draga úr lyfjanotkun, eða jafnvel hætta henni alfarið í sumum tilfellum.“

Jóhann segir að þó ekki sé nauðsynlegt að taka þessar niðurstöður af bókstaflega, þar sem rannsóknin hefur takmarkaða eftirfylgni, sé hins vegar mjög mikilvægt að þær fari í umræðu hér á landi. - þj



ALDREI FLEIRI HLAUPIÐ Reykjavíkumaraþonið fór fram í 29. sinn á laugardag. Metþátttaka var í ár en 13.410 manns reimuðu á sig skóna að þessu sinni. Margir söfnuðu áheitum og hlupu til styrktar góðgerðarfélagum en alls söfnuðust 42.160.741 króna til handa 133 félögum. **Sjá síðu 2 & 26** FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mannleg mistök við flugeldasýningu menningarnætur á laugardagskvöld:

Stór hluti flugeldanna fór ekki á loft

MENNINGARNÓTT Mannleg mistök urðu líklega til þess að flugeldasýningin á menningarnótt varð ekki eins vegleg og til stóð.

„Ein röð af tívolvbombunum fór ekki á loft og fyrir vikið varð sýningin rosalega hæg í byrjun,“ segir Hilmar Már Aðalsteinsson, sem situr í stjórn Hjálparveita skáta.

Bomburnar sem nota átti voru um 800 talsins en Hilmar telur að um hundrað þeirra hafi setið eftir.

„Gámarnir sem skotið var af voru settir í geymslu yfir nótt og daginn eftir fengum við það staðfest að hluti flugeldanna fór ekki á loft,“ segir Hilmar Már. Hann telur að um mannleg mistök sé að ræða, mistök við tengingu eða tenging sem hafi hrokkið úr sambandi í flutningum.

Vodafone hefur greitt fyrir sýningarnar síðustu ár en Hilmar Már segir að hvorki fyrirtækið né gestir

menningarnætur hafi fengið það sem til var ætlast.

„Þessar sýningar eru rómaðar fyrir að vera flottar og skemmtilegar en því miður voru gerð mistök,“ segir Hilmar Már, sem leggur áherslu á að lokahluti sýningarinnar hafi verið stórglæsilegur.

„Það er svo samkomulagsatriði hvað við gerum í kjölfarið, hvort borgarþúar fái betri sýningu að ári eða hvað.“ - kh

Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.

Geymslupólin mjólkurvara

ms.is

NÝ OG ENDURBÆTT KORTABÓK
60 landshlutakort og
40 þéttbýliskort

Úrval skrifstofu- og skólavara

Penninn
Með þér í vinnunni
Opnum kl. 8 í Hallarmúla 4 | www.penninn.is

Vertu
snjallari
með Nova!



1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
og Biokort!

Samsung SIII

124.990 kr. stgr.

7.490 kr. á mán. í 18 mán.

1.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mán. fylgir og Biokort!



0 kr.
Nova
í Nova!
1.000 mín. og 500
SMS/MMS á mán.

Biokort fylgir öllum Samsung snjallsímum há Nova!




500 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
og Biokort!

Samsung SII

79.990 kr. stgr.

4.990 kr. á mán. í 18 mán.

500 kr. notkun á mánuði
í 12 mán. fylgir og Biokort!



500 kr.
notkun á mán.
í 6 mán. fylgir
og Biokort!

Samsung Galaxy Y

24.990 kr. stgr.

2.290 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mánuði
í 6 mán. fylgir og Biokort!



500 kr.
notkun á mán.
í 6 mán. fylgir
og Biokort!

Samsung Galaxy ACE 2

52.990 kr. stgr.

4.790 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mánuði
í 6 mán. fylgir og Biokort!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Það munar miklu að vera í Námunni

Náman er vildarþjónusta fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.

2 fyrir 1 í bíó

Námufélagar fá tvo miða í bíó á verði eins, mánudaga til fimmtudaga, með því að greiða með Námukorti. Gildir á sýningar í Laugarásbíói, Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói.


Aukakrónur

Fríðindasöfnun fyrir viðskiptavinum Landsbankans þar sem Aukakrónum er safnað með notkun kreditkorts. Fyrir krónurnar er síðan hægt að versla hjá yfir 300 fyrirtækjum.


Aukin þjónusta og betri kjör

Í Námunni færðu hagstæð kjör og vandaða ráðgjöf um fjármál. Þú færð betri yfirsýn á fjármálin með upplýsingum um námslán og styrki og svo spennandi tilboð í Netklúbbnum.

Kynntu þér fleiri fríðindi, kjör og þjónustu á naman.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



KJÖRKASSINN



Skiptir þig máli hvar þú kaupir matvörur?

Já	84,7%
Nei	15,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Förstu í bæinn á menningar-nótt?

Segðu skoðun þína á visir.is



Seðlabanki ESB íhugar að kaupa skuldir af verst stöddu evruríkjunum:

Vöxtum verði haldið í lágmarki

EVROPUSAMBANDIÐ Inngríp Seðlabanka Evrópusambandsins í skuldavanda evruríkjanna verða líklega fólgin í því að bankinn kaupir upp hluta af skuldum skuldugustu ríkjanna, og haldi með því vöxtum á öðrum skuldum ríkjanna niðri.

Þessu er haldið fram í þýska vikuritinu Der Spiegel, en þar kemur einnig fram að endanleg ákvörðun um þetta verði ekki tekin fyrr en á næsta fundi bankastjórnarinnar í byrjun september.

Það eru einkum vaxtagreiðslurnar sem hafa sligað skuldugu

ríkin og komið þeim í þann vanda, sem nú er glímt við á evrusvæðinu. Vextirnir hafa hækkað hratt undanfarið eftir því sem trú markaða á greiðslugetu ríkjanna hefur minnkað, en þetta er víthringur því með hækkanði vöxtum minnkar greiðslugetan enn frekar.

Hugmyndin, sem samkvæmt heimildum Der Spiegel er nú rædd innan bankans, er sú að bankinn kaupir skuldir þegar markaðsvextir eru komnir yfir ákveðið hámark. Þar með geti fjárfestar ekki lengur knúið vextina upp endalaust.



MARIO DRAGHI Seðlabankastjóri Evrópusambandsins boðaði nýverið vótæk inngríp banks í skuldavanda evruríkjanna.

NORDICPHOTOS/AFP

Tölur frá Þjóðskrá Íslands: Íbúðir hækka milli mánaða

FASTEIGNAMARKAÐUR Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um tæpt prósent í síðasta mánuði samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands, sem birtar voru í síðustu viku.

Vísitalan í síðasta mánuði var 344,3 stig (100 stig miðast við janúar 1994).

Síðastliðna þrjú mánuði hefur vísitalan hækkað um 2,7 prósent og um 3,4 prósent síðastliðna sex mánuði. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 7,3%.

- þj



PORSKAFLI EYKST 13,4% meiri afli á föstu verðlagi í júlí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

112 þúsund tonn á land:

Meiri fiskafli í júlí en í fyrra

SIÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenskra skipa í júlí, metinn á föstu verði, var 13,4% meiri en í júlí 2011. Afliinn nú í júlí nam alls 112.855 tonnum samanborið við 103.324 tonn 2011.

Botnfiskafli dróst saman um tæp 1.700 tonn frá júlí 2011 og nam tæpum 24.300 þúsund tonnum. Þar af var þorskaflinn tæp 10.300 tonn, sem er um 1.400 tonn um meiri afli en á fyrra ári. Ýsuafliinn nam rúmum 2.000 tonnum sem er nær sami afli og í júlí 2011.

Afli uppsjávartegunda nam tæpum 85.200 tonnum, en 75.000 tonn af uppsjávarafla veiddist í júlí 2011. Um 15.400 tonn veiddust af síld sem er samdráttur frá fyrra ári um 5.900 tonn.

- shá

Barentshafsveiðar Færeyinga:

Þorskur og ýsa fá MSC-vottun

FÆREYJAR Bæði þorskur og ýsa sem Færeyingar veiða í Barentshafi hafa hlotið vottun samkvæmt staðli Marine Stewardship Council (MSC). Vottunarstofan Det Norske Veritas vann úttektina fyrir Færeyinga.

Vottunin er í gildi næstu fimm árin, að því gefnu að veiðarnar standist árlega úttekt frá MSC. Þau fyrirtæki sem standast kröfur í framleiðslu sinni mega nota umhverfismerki MSC.

- shá

Virðist sem óréttlætið hafi náð út yfir gröf og dauða

Kirkjugarður frá 11. öld í Skagafirði vekur upp spurningar um af hverju sumir hafi verið teknir upp en aðrir ekki. Af hverju var síðan aðeins tekinn hluti af öðrum en sköflungur og fótabein skilin eftir?

FRÉTTASKÝRING

Fundur fornleifafræðinga í kirkjugarði frá 11. öld í landi Stóru-Seylu í Langholti við Skagafjörð vekur ýmsar spurningar. Af hverju eru til dæmis leifar í sumum gröfum en ekki öðrum?

Á Seylu er miðaldakirkjugarður nokkur sem kemur reyndar við sögu í Sturlungu en þar var skagfirski höfðinginn Oddur Þórarinnsson grafinn. Þessi vígfimasti maður landsins var reyndar í banni þegar hann var veingin svo hann mátti ekki liggja í vígðri mold.



GUÐNÝ ZOËGA

En menn dóu ekki ráðalausir á Sturlungaöld svo hann var grafinn inn undir kirkjuvegginn á Seylu.

Það kom fornleifafræðingum því á óvart þegar þeir voru að fara að skoða þennan miðaldakirkjugarð að bandarískir sérfræðingar komu niður á annan kirkjugarð þegar þeir voru við jarðsjárrannsóknir á fornu bæjarstæði Seylubæjar sumarið 2009. Einnig fundust þar leifar lítils mannvirkis sem líklega hefur verið kirkja.

Guðný Zoëga fornleifafræðingur telur að sá kirkjugarður hafi verið aflagður nokkru fyrir gjóskufallið mikla úr Heklu 1104. Nú í sumar er búið að skoða þar sjö grafir og segir Guðný það athyglisvert sem þar fannst og eins hitt sem ekki fannst. Af þessum sjö gröfum voru aðeins bein í fjórum. Hvað veldur því?

„Í kristnirétti lögbókarinnar Grágásar, sem ritaður var á fyrri hluta

12. aldar, er ákvæði um að bein skuli flutt úr kirkjugörðum séu þeir, einhverra hluta vegna, lagðir niður,“ segir hún. „Í raun vitum við ekki hvenær þessi lög urðu virk en þetta gæti verið til marks um að þarna hafi þessum sið eða lögum verið fylgt.“

Það vekur einnig athygli hvaða grafir eru tómar en það eru þær

„Í kristnirétti lögbókarinnar Grágásar, sem ritaður var á fyrri hluta 12. aldar, er ákvæði um að bein skuli flutt úr kirkjugörðum séu þeir, einhverra hluta vegna, lagðir niður.“

GUÐNÝ ZOËGA FORNLEIFAFRÆÐINGUR

sem eru nær kirkjunni, sem staðið hefur í miðjum kirkjugarðinum. Þar var venjulega heldra fólk grafið niður en hinir sem minna máttu sín fengu að hvílast út við kirkjugarðsvegginn. Það gæti verið vísbending um að menn hafi haft minna fyrir því að flytja leifar almúgafólksins þegar kirkjugarðurinn var aflagður. Guðný segir þó ekki loku fyrir það skotið að aðrar og hversdaglegri ástæður geti legið þar að baki. „Kannski var þetta bara tímasparnaður að taka svona innst úr garðinum,“ segir hún.

Eins vakna spurningar sem snúa að samviskusemi fornmannanna en þeir virðast aðeins hafa tekið hluta af líkamsleifunum úr sumum gröfum. Til dæmis hefur sköflungur og fótabein orðið eftir í tveimur gröfum.

jse@frettabladid.is



EIN ÞEIRRA GRAFA SEM GEYMIR Hugsast getur að þarna séu jarðneskar leifar manns sem minna mátti sín meðan hann var og hét og þær því ekki fluttar yfir í nýja kirkjugarðinn.

MYND/GUÐNÝ ZOËGA

Vönduð heilsurúm á frábæru verði!

Tilboðsdagar í ágúst!



Charlotte S Julien Dream your world™



C&J Gold	ÁGUST-TILBOÐ
Dýna, botn og lappir	
160x200 - kr. 202.800,-	141.960,-
180x200 - kr. 228.800,-	155.900,-



Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

RISA

ÚTSALA REKKJUNNAR 30-70% AFSLÁTTUR!

**ÓTRÚLEG
TILBOÐ!**

**BIG
SALE!**

**RÝMUM TIL FYRIR
NÝJUM VÖRUM!**

BALFOUR
King Size (193x203 cm)
FULLT VERÐ 321.000 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ
160.500 kr.**

50%

AFSLÁTTUR

ALLURE
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 164.200 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ
132.250 kr.**

50%

AFSLÁTTUR

CORSICA
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 340.200 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ
170.100 kr.**

50%

AFSLÁTTUR

**SKIPTI- OG
SÝNINGARRÚM
Á TILBOÐI!**

rekkjan

HEILSURÚM

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

Skráðu þig á póstlistann á promennt.is
og þú gætir unnið 100.000 kr.
námskeið að eigin vali!

www.promennt.is

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Í fyrsta skipti á Íslandi er kennd svo öflug námsbraut í kerfisstjórnun. Framabraut í kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

▶ AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynna þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 9 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut í kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 8 alþjóðlegar prófgráður sem eru sérlega mikilvægar að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

▶ FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

▶ FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig í að finna bestu fjármögnunarleiðina.

”Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hverrar krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.

Skráningar fara fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

▶ VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námstækni með MindManager 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.
2. hluti: Network+ 50 std.
3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 80 std.
4. hluti: Windows 7/8 í fyrirtækjaumhverfi 32 std.
5. hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni fyrri annar 26 std.
6. hluti: Virtualization 10 std.
7. hluti: MCITP 180 std.
8. hluti: Exchange 2010 50 std.
9. hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar 30 std.

Athugið að umsóknarfrestur er til **28. ágúst 2012**.

Verð án prófa **699.000 kr.**

Verð með 8 alþjóðlegum prófum **899.000 kr.**

AÐRIR SPENNANDI MÖGULEIKAR FYRIR BYRJENDUR Í UPPLÝSINGATÆKNI

Forritun: Grunnur í C# og VS 2010 / .NET 4.0 umhverfi.
Gagnagrunnar: SQL-gagnagrunnar
Tölvuviðgerðir: Tölvuviðgerðir – CompTIA A+



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er
boðið upp á
fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnám.

MENNINGARNÓTT 2012

Crowe stal senunni á frábærri menningarhátíð

Menningarnótt var haldin í sautjanda sinn á laugardag. Hátíðin gekk vel fyrir sig og nutu tugir þúsunda dagsins saman í blíðskaparveðri í miðborg Reykjavíkur.

Veðrið lék við gesti miðborgarinnar og hátíðin gekk að mestu leyti mjög vel fyrir sig. Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, segir gesti hafa

verið til fyrirmyndar en talið er að yfir 80.000 manns hafi lagt leið sína í bæinn til að gleðjast saman á þessum degi. Lögreglustarf gekk vel en þyngdist þegar liða tók á kvöldið og meira varð um ölvun. Tilkynt var um ný líkamsrásir og unglindrykkja var áberandi þrátt fyrir að lögregla hafi sett á fót göngueftirlit sem tók sérstaklega á slíku.

Fjölmargir áhugaverðir menningarviðburðir áttu sér stað á víð og dreif um borgina og lauk dag-

skránni með flugeldasýningu.

Tónleikar voru áberandi og voru uppákomur um allan bæ. Rás 2 stóð fyrir stórtónleikum við Arnarhól og Bylgjan bauð upp á aðra á Ingólfstorgi.

Óhætt er þó að segja að stórleikarinn Russell Crowe hafi stolið senunni með þremur tónleikum um kvöldið en gríðarlegur fjöldi fólks mætti til að hlýða á hann og Alan Doyle auk þess sem Patti Smith tók lagið með þeim.

tinnaros@frettabladid.is



STÓÐ SIG MEÐ PRÝÐI Stórleikarinn Russel Crowe vakti mikla lukku á tónleikum X-ins þar sem hann flutti fimm lög ásamt félaganum Alan Doyle. Allt ætlaði svo um koll að keyra þegar Patti Smith kom óvænt á sviðið og tók þrjú lagið saman eitt vinsælasta lag Patti, Because the Night. Áhorfendur voru flestir með símana og myndavélarnar á lofti til að fanga augnablikið.



VINSÆLIR TÓNLEIKAR Gríðarlegt margmenni var á tónleikum X-ins í bakgarði Ellefunnar þegar Crowe steig þar á svið. Svalir bilastæðahússins við Hverfisgötu voru til dæmis þétt skipaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SKELTI SÉR Á HJÓLIÐ Þessi unga snót kunni vel að meta umdeilda græna hjólið sem lokar Laugaveginum.



HJARTAGARÐURINN Góður hópur fólks var saman kominn í Hjartagarðinum og naut þar veðurbliðunnar og tónlistar Erps Eyvindarsonar og fleiri góðra.



FLUGELDASÝNING Dagskránni lauk með flugeldasýningu í boði Vodafone. Sýningin þótti lítilfjörlegri en undanfarin ár en mistök urðu til þess að stór hluti flugeldanna komst aldrei í loftið. Sýningin var þó glæsileg á meðan á henni stóð.



ZANUSSI

- ZWG-1120 Þvottavél**
Frábær heimilisvél frá Zanussi, dótturmerki Electrolux á ótrúlega hagstæðu verði
- ✓ 1200 snúninga stillanlegur vinduhráði
 - ✓ 16 þvottakerfi þ.á.m. 24 mínútna hraðkerfi og kerfi fyrir viðkvæman fatnað
 - ✓ 24 tíma framstillt ræsing möguleg
 - ✓ Tekur allt að 6 kíló af taui
 - ✓ A/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhráða
 - ✓ XXL stór hurð - auðveld í notkun
 - ✓ Verð áður kr 89.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 20.000



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
74.900
SPARAÐU 15.000



exquisit

- TK-710E Barkalaus þurrkari**
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 11 mismunandi þurrkerfum fyrir nær allar gerðir af fatnaði. Orkuflokkur B.
- ✓ Rafmagns- og tímaspamaður með fullkomnum rakaskynjara. Stöppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
 - ✓ Krumpuvörn og niðurkæling á taui
 - ✓ Hljóðmerki í lok þurrs
 - ✓ Auðveld vatnslosun í niðurfall eða tank
 - ✓ Verð áður kr 89.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
94.900
SPARAÐU 25.000

- Electrolux**
ERB-34233W Kæli- og frystiskápur
Stór og góður kælikápur með FreshZone kælihöf. Orkuflokkur A+.
- ✓ 4 stórar skúffur
 - ✓ Hraðfrysting og sjálfvirk affrysting í kæli
 - ✓ HxBxD 175 x 59,5 x 62 cm
 - ✓ Fullt verð kr 119.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
39.900
VERÐ UNDIR FROSTMARKI

- exquisit**
GS-111 Frystiskápur
73 lítra frystiskápur í borðhæð með 3 skúffum. Orkuflokkur A+.
- KS-90 & KS-90RVA Kælikápur**
Nettur kælikápur í borðhæð með eða án litils frystis.

BRAUN Oral-B
DB-4010 Rafhlöðudrifinn tannbursti
Fáðu betri tannheilsu og skínandi bros með þessum sniðuga rafhlöðudrifna tannbursta frá Oral B. Hámark 2 stykki á mann. Fullt verð kr. 3.990

1.995
50% AFSLÁTTUR

3.995
KYNNINGARVERÐ
34% AFSLÁTTUR

BRAUN Oral-B
D-12513 Hlaðanlegur rafmagnstannbursti
Gæða tannbursti frá Oral B, merkinu sem flestir tannlæknar í heiminum mæla með. Hausinn snýst 7600 snúninga á mínútu. Vísindalega sannað að mun betri árangur næst til að hreinsa burtu tannstein og óhreinindi milli tannana með rafmagnstannbursta. Þú verður að prófa. Fullt verð kr. 5.990

AEG
AJM-6820 Ryksuga
Kraftmikill ryksuga með HEPA H12 öragnasíu og 2000W mótör

- ✓ Lengjanlegt rör
- ✓ Sogafl 340W - mótorafl 2000W
- ✓ Parkethaus fylgir
- ✓ Góður vinnuradius
- ✓ S-bag örtrefjapoki 2,5 lítra
- ✓ Jetmaxx pokakarfa tryggir betra loftflæði
- ✓ Fullt verð kr. 24.990

19.990
OKKAR LÆGSTAVERÐ KR.
SPARAÐU 5.000

9M VINNURÁDIUS
2000W

MERKJAVARA Á BOTNVERÐI
VERÐVAKT RAFAVA

Electrolux
ESF-63012 Uppþvottavél
Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. þvottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Án toppplötu

69.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
ÓTRÚLEGT VERÐ

AAA EINKUNN
HRAD-VAL
70° KERFI

Electrolux
ESB-4400 Blandari
Hljóðlátasti blandarinn sem um getur. 600W kraftmikill mótör malar ís léttlega og þríhyrningslöguð kannan gerir að verkum að allt kastast betur til og sogast hnifnum svo að blöndunin er hröð og öflug.

- ✓ 1,5 lítra glerkanna
- ✓ Auðveldur í þrífum
- ✓ 6 hraðastillingar
- ✓ Verð áður kr. 19.990

14.990
25% AFSLÁTTUR

9.990
20% AFSLÁTTUR

Electrolux
ESTM-4600 Töfrasproti
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum 500W mótör. Stál-fótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir til að laða fram veislumat í eldhúsinu. Skyldueign fyrir alla sæl-kera. Verð áður kr 11.990

12.490
96°C VERÐ!

Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
Frábær kaffivél sem hlaut hæstu einkunn hjá sænsku neytenda-samtökunum TestFakta. Hitar vatnið í 96°C. AutoOff sem slekkur sjálfvirk á vélinni eftir 2 klst.

- ✓ 1400W element
- ✓ Klukka - vaknaðu upp við ilminn
- ✓ af nýlögðu kaffi
- ✓ Burstað stál - glæsileg hönnun

AEG
BE-3002420M ofn
Glænýr ofn með ekta heitum þrívíddarblæstri sem tryggir bestan mögulegan árangur

- ✓ Tölvuklukka + kjóthitamælir
- ✓ Pizzakerfi og heitur blástur + stórt grill
- ✓ IsoFront kæld ofnhurð með fjörföldu gleri
- ✓ Innfellanlegir stjórnhnappar

99.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
FRÁBÆRT VERÐ

AEG
HK-634020XB Keramik helluborð
Glæsilegt keramik helluborð með XXL hellsu

- ✓ 4 hellur þ.á.m. ein þreföld stækkanleg
- ✓ Snerittakkar, klukka & barnalæsing
- ✓ Flottur aflíðandi stálkantur allan hringinn

89.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
FRÁBÆRT VERÐ



ISAAC HAYES (1942-2008) Sálartónlistarmaður fæddist á þessum degi.
Á mótunarárum mínum drakk ég allt í mig, jafnvel klassíska tónlist."

Merkisatburðir

- 1612** Átta konur og tveir karlmenn voru hengd fyrir galdur í Lancaster-kastala.
- 1898** Á Þingvöllum var vígt veitinga- og gistihúsið Valhöll og dró það nafn af búið Snorra Sturlusonar.
- 1906** Grettisbeltið var veitt á Akureyri í fyrsta sinn fyrir sigur í glímu.
- 1933** Fyrsta ferð á bíl farin yfir Sprengisand og komu ferðalangar að Mýri í Bárðardal eftir fimm daga leiðangur úr Landsveitur í fyrra sinn.
- 1960** Senegal klauf sig út úr Malísambandinu.
- 1968** Vorið í Prag var brotið á bak aftur af 200.000 hermönnum og 5.000 skriðdrekkum frá Varsjárbandalaginu.


Afmæli



Fred Durst, söngvari Limp Bizkit, er 42 ára.



Jamie Cullum, tónlistarmaður, er 33 ára.



Ívar Ingimarsson, knattspyrnumaður, er 35 ára.

Sérhæfð í sjónrænni umfjöllun

Á laugardaginn var opnuð vefsíðan Contemporary.is með formlegum hætti, þegar þrettán ný myndbönd um íslenska myndlist með enskum texta voru frumsýnd.

Contemporary.is er nýstofnaður vefmiðill sem sérhæfir sig í sjónrænni umfjöllun um allt það sem viðkemur íslenskrum myndlist. Ætlunin er að viðfangsefni verði fjölbreytt, allt frá umfjöllun um myndlistarsýningar, viðtölum við listamenn, fræðimenn sem og áhorfendur.

Í tilkynningu segir að skrásetning á íslenskrum myndlist hafi að mörgu leyti verið brotakennd og óstöðug. Mikil gróska sé í heimi íslenskra lista og hér sé komið tækifæri fyrir almenning til að skoða og fræðast um myndlist á öðrum grundvelli en tíðkast hefur í íslensku samfélagi, þar sem henni sé yfirleitt ekki gerð nógu góð skil í sjónrænum miðlum.

- hhs



FJÖLLISTAHÓPURINN FÖNIX Einn margra norðlenskra listahópa sem tekur þátt í götulistahátíð sem hefst á Akureyri í dag.

LEIKHÓPURINN ÞYKISTA: SKIPULEGGJUR GÖTULISTAHÁTÍÐ SEM HEFST Í DAG

Útrás fyrir sköpunarþörfina

Það verður mikið líf á Akureyri þessa vikuna og ekki mun það minnka þegar helgin brestur á og Afmælisvaka Akureyrar hefst, en svo nefnist 150 ára afmælisfögnuður bæjarins. Góð upphitun fyrir alla gleðina verður götulistahátíðin sem hefst í bænum í dag og stendur fram á laugardag. Það er Leikhópurinn Þykista sem skipuleggur hátíðina en hópurinn hlaut til þess styrk frá Menningarráði Eypings og Evrópu unga fólksins.

„Leikhópurinn Þykista er nýstofnaður hópur hér á Akureyri,“ segir Gréta Kristín Ómarsdóttir, sem titluð er framkvæmdastýra verkefnisins, ásamt Svövu Björk Ólafsdóttur stall-systur hennar. Hún segir tilgang götulistahátíðarinnar vera að skapa opinn vettvang þar sem ungt fólk geti fengið útrás fyrir hæfileika sína og sköpunarþörf. „Við viljum veita ungu fólki tækifæri til að læra eitthvað nýtt með því að taka þátt í smíðjum götulistahátíðarinnar og taka þannig þátt í að skapa sýningu fyrir uppskeruhátíð götulistahátíðarinnar,“ segir hún.

Í boði eru leiklistarsmiðja, danssmiðja, kórasmíðja, gjörningasmíðja og tónlistarsmiðja, en allt um þær er að finna á síðunni hafurtask.is. „Það eru faglærðir snillingar, bæði héðan úr bænum og að sunnan, sem stýra þessum smíðjum,“ segir Gréta.

Ekki síður mikilvægan hluta af götulistahátíðinni segir Gréta vera að leiða saman alla þá listrænu hópa



SKAPANDI SUMAR Þessi glæsti hópur kallar sig Miðbæjarmafiuna og hefur verið áberandi í Skapandi sumarstarfi á Akureyri í sumar.

ungs fólks sem nú þegar eru starfandi á Akureyri og fá þá til að koma fram á sínum forsendum og kynna starfsemi sína. Í heild er búist við að um fimmtán einstaklingar og hópar muni sýna listir sínar, víðs vegar um Akureyri á laugardaginn, þegar götulistahátíðin mun ná hámarki. Það á að verða „alls-

herjaruppskeruhátíð hæfileika og sköpunar ungs fólks á Akureyri“ og er gert ráð fyrir að uppákomurnar verði víðs vegar um miðbæ Akureyrar. Gréta hvetur að sjálfsögðu alla landsmenn til að fylkja liði til Akureyrar og taka þátt í gleðinni.

holmfridur@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

JÓHANN SIGURÐSSON
 Ægisgötu 2, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar þriðjudaginn 14. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND-félagið.



Matthildur Sigurjónsdóttir
Elfa Björk Jóhannsdóttir
Sólveig Anna Jóhannsdóttir
Svala Jóhannsdóttir
Harpa Jóhannsdóttir
 afa- og langafabörn.

Sighvatur Daniel Sighvatz
Birgir Örn Sveinsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

SIGRÚN ODDGEIRSDÓTTIR
 Goðheimum 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, miðvikudaginn 8. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju, þriðjudaginn 21. ágúst kl. 13.00.



Oddgeir Björnsson
Matthías Björnsson
Birna Rún Björnsdóttir
Hildur Rún Björnsdóttir
 og barnabörn.

Rósa Ingibjörg Jónsdóttir
Anna Elínborg Gunnarsdóttir
Hallur Guðbjartur Hilmarsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST: 20. ÁGÚST 1980

Fyrstur einn á toppi Everest

Göngugarpurinn Reinhold Messner stóð einn á toppi Everest á monsúntímanum á þessum degi árið 1980 og var það í fyrsta sinn sem nokkur kleif fjallið einn. Hann komst á toppinn eftir þriggja daga erfitt klifur upp norðurhlíð fjallsins. Seinna sagði Reinhold að hann hefði aldrei verið eins þreyttur og á toppi Everest og að hann hefði bara setið þar. Þessi för Reinholds upp Everest var þó ekki eina merka reynsla hans. Tveimur árum áður hafði

hann klifið Everest með Peter Habeler en það var í fyrsta sinn sem nokkur kleif Everest án þess að hafa súrefni meðferðis, nokkuð sem læknar, sérfræðingar og fjallgöngumenn höfðu fram að því talið ómögulegt. Reinhold er einnig þekktur fyrir að vera fyrsti göngugarpurinn sem fór upp hin fjórtán „átta þúsunda fjöll“ en það eru þau fjöll sem ná meira átta þúsund metrar yfir sjávarmál. Reinhold hefur af mörgum verið talinn einn merkasti göngugarpur allra tíma.



REMINDME:

BOX UTAN UM LYFJASKAMMTAÞOKA SEM MINNIR Á LYFJAGJÖF OG SENDIR SMS EF SJÚKLINGUR GLEYMIR.

2D → 3D

MÁKVÆM ÞRÍVÍÐARMÓDEL GERÐ ÚR VENJULEGUM LJÓSMYNDUM

DESIGNING REALITY

Stream tags

New York
Katie Holmes
Læsa - copyright

fáðu upplýsingar um allt það sem þú séð/heyrir í kvikmyndum og hvar þú getur keypt það.

SHARE ALL THE WORLD LIVE AND FREE FOR SMARTPHONE USERS

LIVE SHUTTLE

StartUp Ville

Leikvöllur frumkvöðla og fjárfesta

GUITAR PARTY.COM

"ALL WE ARE SAYING..."

AUÐVELDAR FÓLKÍ AÐ LÆRA UPPHÁLDSLÖGIN SÍN MED SÖNBÓKUM OG KEVNSLUMYNDBONDUM.

DATA TRACKER

CLOUD ENGINEERING

SJÁLFRVIRK GAGNAÓFLUN Á NETINU

MYMxlog

Hugbúnaður til utanumhalds á réttindum flugvirkja

HEILSUFAR.IS

Heldur utan um upplýsingar notenda hvað varðar heilsu þeirra, hreyfingu og mataræði.

WHEN GONE

HÆ!

HUGMYNDIN:

AÐ GETA SKILIÐ EFTIR SKILABOÐ TIL KOMANDI KYNSLÖÐA VID ANDLÁT.

SNJALLAR HUGMYNDIR VERÐA AÐ VERULEIKA

Tú spennandi sprotafyrirtæki voru í byrjun sumars valin til þátttöku í **Startup Reykjavík** verkefninu. Arion banki hefur lagt þeim til aðstöðu, fjárfest í þeim og ásamt samstarfsaðilum veitt þeim ráðgjöf til að þau megi vaxa og dafna.

Startup Reykjavík er samstarfsverkefni Klaks, Innovits og Arion banka. Fylgstu með á www.startupreykjavik.com og á Facebook.com/StartupReykjavik.





TRIO LYRICO heldur tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld, 20. ágúst, klukkan 20. Tríóið skipa þær Lilja Guðmundsdóttir sópransöngkona, Ásta María Kjartansdóttir sellóleikari og Ingileif Bryndís Þórsdóttir píanóleikari. Á efnisskránni eru meðal annars verk eftir Debussy, Barber og André Previn auk íslenskra sönglaga.



FJÓRAR KONUR Þær Þóra Björk, Sólveig, Hildur og Sigurlaug fluttu dagskrá til heiðurs fjórum íslenskum kventónskáldum, sem öll eru látin, á Hallveigarstöðum við Túngötu á menningarnótt.

★★★★★

Menningarnótt í Reykjavík

Dagskrá helguð fjórum íslenskum kventónskáldum á menningarnótt.

Umsjón: Sigurlaug Arnardóttir.

Gleymdar konur á menningarnótt

Konur þóttu ekki eiga neitt sérstakt erindi í tónsmíðar fyrir á öldum. Þær áttu að hugsa um börnin og eiginnmennina, halda kjafti og vera sætar. Þær sem sömdu tónlist – og höfðu til þess hæfileika – þurftu stundum að fara krókaleiðir til að koma tónlist sinni út. Systir Mendelssohns, Fanny, samdi t.d. verk í nafni bróður síns. Rebecca Clarke tók þátt í tónsmíðakeppni undir karlmannsdulnefni. Elfrida André, sænskt tónskáld og organisti, þurfti að heyja harða baráttu gegn því að aðeins karlmenntætti gegna starfi organista. En hún gaf út verk sín undir eigin nafni. Sjálfsagt ekki án átaka. Á menningarnótt voru fjögur íslensk kventónskáld kynnt til sögunnar sem eru að mestu gleymd. Þetta voru Olufa Finsen (1835-1908), Guðmunda Nielsen (1885-1936), Ingunn Bjarnadóttir (1905-1972) og María Brynjólfssdóttir (1919-2004). Sigurlaug Arnardóttir setti dagskrána saman, sem er meistaraverkefni hennar í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Dagskráin fór fram á Hallveigarstöðum við Túngötu, en þar er Kvenfélagsamband Íslands til húsa. Það var auðvitað allt brjáláð á menningarnótt, veðrið var frábært og múgur og margmenni að sækja alls konar viðburði í bænum. Og enginn annar en Hollywood-stjarnan Russel Crowe, ásamt rokkgyðjunni Patti Smith að troða upp! Auðvitað vildu allir heyra þau; færri voru á Hallveigarstöðum. Sem var út af fyrir sig ágætt. Salurinn þar sem dagskráin fór fram er ekki mikið stærri en rúmgóð stofa. Áheyrendur sátu við nokkur

kringlótt borð, og kaffi og smákökur voru á boðstólum. Það var notaleg stemning. Dagskráin var flutt af jafnmörgum konum og tónskáldin sem voru kynnt. Þetta voru þær Þóra Björk Þórðardóttir (gítar), Sólveig Þórðardóttir (selló) og Hildur Björgvinsdóttir, auk Sigurlaugar. Útsetningarnar voru eftir Þóru Björk og voru fyrir gítar og selló. Flutt voru nokkur lög eftir tónskáldin, allt sönglög. Aðallega söng Sigurlaug og hún sagði líka frá tónskáldunum, með aðstoð Hildar.

Sagan dæmir, snilldin lifir

Nú má auðvitað ætla að tónskáldin fjögur séu gleymd vegna þess að þau voru konur. Þannig mátti a.m.k. skilja Sigurlaugu. En alls konar tónskáld gleymast. Þegar einhverjum dettur í hug að draga þau aftur fram í dagsljósið er auðheyrta af hverju þau gleymdust. Sum tónlist er einfaldlega betri en önnur, og snilldarverkin lifa, hin gleymast. Ekki þó alltaf. Bach er frægasta dæmið um það. Hann gleymdist í ein hundrað ár. Að vísu voru verk hans ekkert sérstaklega þekkt á meðan hann lifði. Hann var fyrst og fremst frægur sem organisti. Vissulega var ýmislegt á dagskránni á Hallveigarstöðum sem á skilið að heyrast. Löggin sem hljómuðu voru þó misgóð. Löggin eftir Olufu Finsen og Maríu Brynjólfssdóttur voru óttalega klén. Það voru klisjukennar laglínur og gátu þess vegna verið eftir hvern sem var. Nú getur auðvitað verið að önnur lög eftir þær séu bitastæðari. En ekki þessi hér. Öðru máli gegndi um löggin eftir Guðmundu Nielsen og Ingunni Bjarnadóttur. Það var skemmtilegur karakter í lögum Guðmundu. Og löggin eftir Ingunni voru greinilega innblásin, hrífandi laglínur sem unaður var að hljóða á. Samkvæmt Sigurlaugu voru þær Ingunn og María ómenntaðar í tónlist. Það kom því í hlut annarra að setja löggin í nótur. Samkvæmt mínum heimildum var María þó í píanónámi hjá Árna Kristjánssyni. Hún getur því varla hafa verið mjög fákunnandi.

Sigurlaug upplýsti að Hallgrímur Helgason (tónskáld, ekki rithöfundur) hafi umritað og/eða útsett lög Ingunnar. Á tímabili mun hafa komið upp einhver togstreita á milli hans og Ingunnar. Honum fannst sinn þáttur sem útsetjara ekki metinn að verðleikum. Það er reyndar skiljanlegt. Útsetningar geta verið einfaldar umritanir, en sumar bæta heilmiklu við upphaflegu löggin. Á máli Sigurlaugar mátti ætla að svo hafi verið um útsetningar Hallgríms.

Dýrmætur fróðleikur

Útsetningar Þóru Bjarkar voru liflegar, stundum hefði þó mátt vera meiri stígandi í þeim. Í heild var flutningurinn á lögnum, bæði söngurinn og hljóðfæraleikurinn, dálítið öruggur. En það var ekki aðalatriðið hér. Fyrst og fremst var það fróðleikurinn um þessi gleymdu tónskáld sem var dýrmætur. Það er svo sjaldgæft að fara á tónleika sem er afrakstur rannsóknarvinnu. Að mínu mati var þetta eitt áhugaverðasta atriðið á allri menningarnóttinni. Annars virtist dagurinn bara koma vel út. Ég kíkti á sönghópin Spectrum í Þjóðmenningarhúsinu. Ingvaldur Yr Jónsdóttir stjórnaði en Vignir Þór Stefánsson lék á píanó. Dagskráin samanstóð aðallega af söngleikjatonlist og kom vel út, enda prýðilegur kór. Dágóður hluti söngsins drukknaði þó í ærandi rapptakti frá Hjartagarðinum, sem er nánast við hliðina á Þjóðmenningarhúsinu. Og margir áheyrendur virtust varla vera þarna til að hlusta. Sumir töluðu saman allan tímann. Það var svekkjandi. En auðvitað er menningarnótt ekki neinn venjulegur viðburður. Hún er miklu frekar eins og að fara í Hagkaup á háannatíma og fá að smakka allt mögulegt. Sem er auðvitað nauðsynlegt líka. Og topparnir voru glæsilegir, rannsóknartónleikar, Russell Crowe og Patti Smith – það verður varla mikið betra.

Jónas Sen

Niðurstaða: Menningarnótt var bæði áhugaverð og skemmtileg.



SJÓNVARPSSTÖÐIN ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HEILRÆÐI VIÐ VÖKVUN

Allar pottaplöntur þurfa vatn. Gætið þess þó að moldin verði ekki gegnsósa því þá fá ræturnar ekki nægilegt súrefni. Best er að vökva með volgu vatni sem tekið er úr kalda krananum. Fjórum sinnum á ári ætti að setja pottaplöntur í snögga sturtu enda safnast á þær ryk eins og aðra heimilismuni.

SIMPSON


Byggingarvinklar og festingar.

Strong-Tie

BMF vinklar og festingar.

Skrúfur og naglar.

Boltalím og fl.



JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is



12 volt díóðuljós

Eyða allt að 90% minni orku en halogen
Tilvalið fyrir sumarhústaði með sólarorku



12v 2,5w



12v 1,66w



12v 1,66w



12v 1,3w



12v 1,3w



12v 1,0w



12v 1,2w



12v 3,0w



12v 1,0w

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

HEIMSKULEGUR SÚPUPOTTUR

SAMTAL VIÐ HLUTI Vöruhönnuðurinn Hanna Dís Whitehead veltir fyrir sér sambandi og samtali fólks við manngerða hluti í Spark Design Space.

„Þegar við veljum hluti úti í búð máttum við þá í huganum, „hvernig get ég notað þetta“ eða „hvernig passar þessi hlutur inn í mitt daglega líf?“ Ég vil að fólk skoði hlutina mína og myndi sér sjálfst skoðun á notagildi þeirra,“ segir Hanna Dís Whitehead, vöruhönnuður en á menningar-nótt var opnuð sýning á áhugaverðum hlutum eftir hana í Spark Design Space. Notagildi hlutanna er óskilgreint. Þeir byggja flestir á sama hringlaga forminu og handfangi sem staðsett er á mismunandi vegu. Handfangið kveikir með fólki þörf fyrir að finna vörinni hlutverk.

„Ef handfangið er ofan á sjáum við fyrir okkur að það eigi að lyfta hlutnum, ef handfangið er á hliðinni dettur okkur í hug að það eigi að hella úr hlutnum. Það er mjög misjafnt hvaða hlutverk fólk sér fyrir sér,“ útskýrir Hanna Dís.

„Þegar ég sýndi hlutina á útskriftinni minni í Hollandi komu margar skemmti-

legar athugasemdir fram. Einn var til dæmis reiður við mig fyrir að hafa hann að heimskulegasta súpupott sem hann hafði séð, það þyrfti að setja höndina ofan í hann til að halda á honum og þar með brenna sig á súpunni! Hann lagði til að næst þegar ég gerði súpupott hefði ég handfangið hærra. Mér hafði aldrei dottið í hug að nota hlutinn á þennan hátt sjálfri. En fólk sér mismunandi möguleika og þó ég útfærði hlutinn síðan ekki endilega sem súpupott með hærra haldi þá gaf þessi athugasemd mér enn fleiri hugmyndir. Ég get haldið endalaust áfram með því að setja handfangið á nýjan stað. Þetta er eilífðarverkefni sem mun fylgja mér áfram,“ segir Hanna Dís.

Sýningin Samtal stendur til 18. september en nánar má forvitnast um hönnun Hönnu Dísar á vefsíðunni hennar www.hannadiswhitehead.tumblr.com.

■ heida@365.is

EILÍFÐARVERKEFNI

Hanna Dís Whitehead vöruhönnuður leikur sér með mismunandi hugmyndir að notagildi hluta í Spark Design Space.

MYND/ANTON



POTTUR EÐA

KANNA? „Þegar við veljum hluti úti í búð máttum við þá í huganum,“ segir Hanna Dís.

SUMAR ÚTSALA

12 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur*

Gerð gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

**20-50%
AFSLÁTTUR**

Lök, sængurverasett,
heilsukoddar,
viðhaldskoddar,
gaflar, náttborð,
teppasett og fleira.


SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA
HEILSURÚMA**



PROFLEX

2x80x200

339.900 með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

Hiti í bústaðinn

Ryðfriir neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitara fyrir heita potta

Rafhitun íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 22. ágúst

SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimili og skóli

www.saft.is



ÚR ÍSLENSKRI ULL
Þórdís var landskunn fyrir fingerð langsjöl.



SVEITABÆR Önnur út-saumsmyndanna sem sýndar voru á heimssýningunni í New York árið 1937. Myndin hangir uppi á Bessastöðum.

MYNDIR/ÞORSTEINN TRAUASTON

HANNYRÐIR ÚR ULL

ÍSLENSK ULL Sýning á verkum hannyrðakonunnar Þórdísar Egilsdóttur stendur nú yfir í Safnahúsinu á Ísafirði en hún lést árið 1961.

Þetta er í fyrsta sinn sem haldin er heildarsýning á verkum Þórdísar eftir því sem ég best veit. Þórdís var afkastamikil hannyrðakona og sýndi verk sín víða um heim. Meðal annars fóru tvær myndir eftir hana á heimssýninguna í New York árið 1937 og tveimur árum áður en hún lést var hún með sjál á sýningu í París,“ segir Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðukona Safnahússins á Ísafirði, en þar stendur nú yfir yfirlits-sýning á verkum Þórdísar Egilsdóttur.

Útsaumsmyndirnar sem sýndar voru á heimssýningunni, Íslensk kvöldvaka og Sveitabær, má báðar sjá á sýningunni. Þær eru báðar í eigu íslenska ríkisins og hangir Sveitabær uppi á Bessastöðum en Þjóðminjasafnið varðveitir hana. Þórdís saumaði myndirnar úr ullarbandi sem hún litaði sjálf með íslenskum jurtum. „Í annarri myndinni eru yfir 200 litatónar,“ segir Jóna. „Þórdís var mjög vandvirk, litaði bandið sjálf og rakti hiklaust upp ef hún var ekki ánægð með litatóninn. Hennar hugsjón var að sýna hvað hægt væri að gera úr íslensku ullinni og var hún landsfræg

fyrir verk sín, sérstaklega þóttu sjöl eftir hana úr afar fingerðu bandi falleg.“

